



Fréttabréf Árskógarsskóla

12. tölublað, 2. árgangur, ágúst 2013 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Stundaskrá grsk.

Skóladagur nemenda á grunnskólastigi í vetur **hefst kl. 08:00** og **lýkur kl. 13:30**.

Skólanámskrá/ starfsáætlun

Skólanámskrá og starfsáætlun var samþykkt í fræðsluráði í júní 2013. [Sjá hér.](#)

Símanúmer

Aðalnúmer: 460-4970
Skólastjóri: 460-4971
Kötlukot: 460-4973
Félagsheimili: 460-4979

Heimasíðan

Á [heimasíðu skólans](#) er að finna gagnlegar upplýsingar og skemmtilegar fréttir og myndir. Kynnið ykkur t.d. skóla-reglurnar!



Kæra skólasamfélag

Nýtt skólaár 2013-2014 er gengið í garð og það þýðir að annar vetur er framundan, annað skólaár Árskógarsskóla eftir breytingar er hafið, það er gleðiefni. Fyrsta árið gekk vel, annað árið nýtum við til að prófa okkur áfram í námi og leik innan ramma aðalnámskrár og laga, við lærum af reynslunni og ætlum okkur að gera enn betur en í fyrra. Starfsmannahópurinn er örlítið breyttur en maður kemur í manns stað, nemendahópurinn er líka breyttur en kjarni skólans er svipaður. Ætlunin er að gera leik- og námsumhverfið enn betra og hvetjandi, nota umhverfið meira í kennslu, stuðla að fjölbreyttari kennsluháttum, nýta tæknina meira, vera skapandi og almennt byggja ofan á það góða starf sem þegar er unnið. Við vinnum saman og náum árangri, öll sem eitt.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Skólastarf hefst

Kötlukot opnar miðvikudaginn **14. ágúst kl. 12:15. Börnin þurfa að vera búin að borða hádegismat.**

Nemendur á grunnskólaaldri mæta í viðtal með foreldrum til umsjónarkennara **föstudaginn 23. ágúst**. Tímasetningar verða sendar í tölvupósti. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá 26. ágúst kl. 08:00.



Kötlukot í ágúst

Í ágúst verður lögð áhersla á frjálsan leik úti á nýja leiksvæðinu okkar. Börnin verða líklegast spennt að prófa og reyna sig á nýju leiksvæði. Munið því að hafa föt til skiptanna í töskunni.

Með leiksvæðinu er börnunum búið hollt, öruggt og hvetjandi náms- og leikumhverfi. Kennarar ýta undir skapandi leik með faglegu starfi og nýta bæði tilbúin leikefni sem og náttúrulegan. Það verður gaman í Árskógarsskóla.




Leiksvæði við skólann

Þessa dagana er unnið hörðum höndum við leiksvæði skólans. Leiksvæði vestan skólans er nær tilbúið en það er ætlað eldri nemendum þar sem er að finna rólur, hringekju og klifurgrindur auk þess sem fótboltavöllurinn er þar norðan við.

Leiksvæði sunnan skólans er að taka á sig mynd en það er hugsað sem leiksvæði yngri nemenda skólans. Þar er sandkassi, hjólastígur, rólur, vegasalt, Græn-fánastöng og fleira og verður það svæði afgirt með traustri girðingu. Í framhaldinu fáum við geymsluskúr, skýli fyrir börnin (leikhús) og rennibraut.

Sem sagt, allt að gerast í leiksvæðamálum.



Ávaxta- og mjólkuráskrift

Áfram verður boðið uppá að vera í ávaxta- og mjólkuráskrift á grunnskólastigi. Kostnaður er 5700 kr á önn fyrir ávaxtaáskrift og mjólkuráskrift kostar 2200 kr. Skráning í áskriftir fer fram í viðtali 23. ágúst.



Ábyrgð og skyldur á grunnskólastigi

Við upphaf grunnskólagöngu er hollt fyrir alla og nauðsynlegt að kynna sér ábyrgð og skyldur. [Hér má lesa reglugerð](#) sem fjallar um hlutverk nemenda, foreldra og starfsfólks á grunnskólastigi. Þar segir m.a.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt.

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar.



Opnunartími og skóladagatal

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur **skóladagatal 2013-2014** svo allt sé á hreinu!



Myndir á heimasíðu undir myndasafn (lykilorðið er bíll)!

Viðburðadagatal ágúst 2013

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
			1 Sumarfrí	2 Sumarfrí	3 Sumarfrí	4 Sumarfrí  Ólafur Örn 4 ára
5 Sumarfrí	6 Sumarfrí	7 Sumarfrí	8 Sumarfrí	9 Sumarfrí	10 Sumarfrí  Björn Þórir 8 ára	11 Sumarfrí
12 Sumarfrí	13 Sumarfrí  Draupnir Jarl 11 ára	14 Kötlukot opnar Kl. 12:15 	15	16	17	18
19	20	21	22	23 Viðtöl grunnskólastig  Ragnar Freyr 12 ára	24	25
26 Kennsla á grunnskólastigi hefst samkvæmt stundaskrá kl. 08:00 Skólaakstur	27	28	29 Nemendaráðs- kosningar 	30	31	